



HRUNAMANNAHREPPUR

10. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR

KJÖRTÍMABILIÐ 2018 – 2022 3. FUNDUR ÁRSINS

VAR HALDINN FIMMTUDAGINN 7. MARS 2019

KL. 14.00 Í RÁÐHÚSINU FLÚÐUM

Árið 2019, þann 7. mars kom sveitarstjórn Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 14:00 í Ráðhúsi sveitarfélagsins á Flúðum. Eftirtaldir sátu fundinn: Halldóra Hjörleifsdóttir, Sigurður Sigurjónsson, Kolbrún Haraldsdóttir, Bjarney Vignisdóttir, Jón Bjarnason og Jón G. Valgeirsson sveitarstjóri, sem skráði fundargerð. Halldóra Hjörleifsdóttir setti fund og stjórnaði honum. Hún bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir voru gerðar. Oddviti óskaði eftir að taka fyrir eitt mál, beiðni samgöngunefndar SASS um forgangsöröðun verkefna í samgöngumálum 2019-2028. Sveitarstjórn samþykkir að leggja erindið fram.

Gengið til dagskrár:

Erindi til sveitarstjórnar:

- 1. Dream Holiday International: Kynning.**

Á fundinn mætti Björn Þór Kristjánsson, forsvarsmaður Dream Holiday International, og kynnir áform um uppbyggingu baðlóns og gistingar í landi Byggðar á Bríkum. Sveitarstjórn þakkar Birni Þór fyrir kynninguna.
- 2. UTU bs: Skipulagsfulltrúi.**

Á fundinn mætti Sigurður Hreinsson, aðstoðarmaður skipulagsfulltrúa hjá UTU bs. og fór yfir starfsemi embættisins í skipulagsmálum. Sveitarstjórn þakkar Sigurði fyrir góða kynningu á sér og embættinu.
- 3. Endurnýjun yfirdráttarheimildar.**

Sveitarstjórn samþykkir að óska eftir því við Arionbanka að yfirdráttarheimild á tékkareikningi sveitarfélagsins að upphæð allt að kr. 40.000.000 sem rennur út um miðjan mars verði framlengd til eins árs og felur sveitarstjóra að ganga frá erindinu og stýra svo upphæð heimildarinnar eftir fjárförf sveitarfélagsins hverju sinni innan ofangreinds upphæðarramma.
- 4. Aðsókn í sundlaug og tækjasal 2018.**

Oddviti kynnti samantekt á aðsókn í sundlaugina á Flúðum og tækjasal íþróttahússins fyrir árið 2018. Alls sóttu sundlaugina rúmlega 11.300 manns sem er fækkun miðað við síðustu ár. Þá sóttu á árinu 2018 tæplega 2.500 manns tækjasal íþróttahússins sem er svipað og á fyrra ári.
- 5. Rarik: Samningur um yfirtöku á götulýsingu á Flúðum.**

Oddviti kynnti beiðni frá Rarik um að hefja viðræður við sveitarfélagið um yfirtöku á götulýsingarkerfi Rarik á Flúðum sem snýr að sveitarfélaginu. Sveitarstjórn samþykkir að fela sveitarstjóra að ganga til samninga við Rarik um yfirtöku á götulýsingarkerfinu.
- 6. Ísland ljóstengt: Tilboð um styrk frá Fjarskiptasjóði.**

Oddviti kynnti tilboð sem Fjarskiptasjóður hefur gert Hrunamannahreppi um styrk vegna tengingar á styrkhæfum stöðum sem eftir standa vegna verkefnisins "Ísland ljóstengt" sem unnið hefur verið á vegum Hrunaljóss. Styrkfjárhæðin sem stendur til boða nemur kr. 32.438.710 en gert er ráð fyrir að fjárhæðin komi til greiðslu á árunum 2019, 2020 og 2021. Sveitarstjórn samþykkir að taka þeirri fjárhæð sem boðin er í styrk en óskar eftir að hún sé greidd á skemmri tíma þar sem verkið mun klárast að fullu á árinu 2019.
- 7. Verksamningur um afsetningu á seyru.**

Oddviti kynnti endurnýjun á samningi um afsetningu á seyru milli Hrunamannahrepps og Fögrusteina ehf. Sveitarstjórn samþykkir samninginn og felur sveitarstjóra að undirrita hann.

8. **Samningur um garða- og sláttupjónustu.**
Oddviti kynnti endurnýjun á samningi um garða- og sláttupjónustu milli Hrunamannahrepps og Grænna lands ehf. Sveitarstjórn samþykkir samninginn og felur sveitarstjóra að undirrita hann.
9. **Samningar um refa- og minkaveiðar í Hrunamannahreppi.**
Oddviti kynnti drög að samningum um refa- og minkaveiði fyrir árið 2019 við veiðimenn sveitarfélagsins. Sveitarstjórn samþykkir samningsdrögin og felur sveitarstjóra að ganga frá samningum og útfærslu þeirra.
10. **Sigurður Jónsson: Erindi vegna grisjunar á öspum.**
Oddviti kynnti beiðni frá Sigurði Jónssyni um stuðning við vinnu við grisjun aspa með veginum frá Stóru-Laxá að Flúðum sem fellst m.a í að taka rötarskot o.fl. á leiðinni. Sveitarstjórn samþykkir að styðja verkefnið um kr. 300.000 og bókast af lið 1180.
11. **Ásabyggð 6: Forkaupsréttur.**
Oddviti kynnti beiðni frá fasteignasölonni Valhöll þess efnis að Hrunamannahreppur falli frá forkaupsrétti sínum að fasteigninni Ásabyggð 6, skv. lóðaleigusamningi vegna eignarinnar. Sveitarstjórn samþykkir að falla frá forkaupsrétti sínum að fasteigninni Ásabyggð 6 í Hrunamannahreppi, fastanúmer 220-4112 skv. samþykktum kaupsamningi í eignina.
12. **Kosning í 17. júní nefnd.**
Oddviti lagði til að Dúna Rut Karlsdóttir verði skipuð í 17. júní nefnd til tveggja ára og var það samþykkt.
13. **Kosning ruslamálaráðherra.**
Oddviti lagði til að Elvar Harðarsson verði skipaður sem ruslamálaráðherra 2019 og var það samþykkt.
14. **Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið: Drög að reglum um sérkröfur til skólabifreiða. Samráðsgátt.**
Oddviti kynnti drög að reglum frá Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu um sérkröfur til skólabifreiða sem eru á samráðsgáttinni.
15. **Velferðarnefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um rétt barna sem aðstandendur.**
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá velferðarnefnd Alþingis um frumvarp til laga um rétt barna sem aðstandendur.
16. **Velferðarnefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um tillögu til þingsályktunar um velferðartækni.**
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá velferðarnefnd Alþingis um tillögu til þingsályktunar um velferðartækni.
17. **Velferðarnefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um tillögu til þingsályktunar um heilbrigðisstefnu til ársins 2030.**
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Velferðarnefnd Alþingis um tillögu til þingsályktunar um heilbrigðisstefnu til ársins 2030.
18. **Velferðarnefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum vegna laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.**
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá velferðarnefnd Alþingis um frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum vegna laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.
19. **Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um tillögu til þingsályktunar um endurskoðun á lagaumhverfi er varðar uppkaup á landi.**
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá allsherjar-og menntamálanefnd Alþingis um tillögu til þingsályktunar um endurskoðun á lagaumhverfi er varðar uppkaup á landi.
20. **Samband íslenskra sveitarfélaga: Samráðsgátt vegna draga að frumvarpi til breytinga á barnalögum.**
Oddviti kynnti drög að frumvarpi til breytinga á barnalögum sem er inn á samráðsgáttinni.

21. Samband íslenskra sveitarfélaga: Samráðsgátt vegna draga að frumvarpi til nýrra laga um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla.

Oddviti kynnti drög að frumvarpi til nýrra laga um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla sem er inni á samráðsgáttinni.

22. Atvinnu- og nýsköpunaráðuneytið: Samráðsgátt um frumvarp til laga um breytingar á lögum sem tengjast innflutningi á ferskum landbúnaðarafurðum.

Oddviti kynnti frumvarp frá atvinnu- og nýsköpunarráðuneytinu til breytingar á lögum er tengjast innflutningi á ferskum landbúnaðarafurðum. Sveitarstjórn gerir eftirfarandi bókun:

Sveitarstjórn Hrunamannahrepps lýsir yfir vonbrigðum sínum með framkomið frumvarp. Matvælaöryggi og lýðheilsa eiga alltaf að vega þyngra en viðskiptahagsmunir. Sveitarstjórn hvetur íslensk stjórnvöld til að kanna hvort endurskoða megi viðkomandi ákvæði innan EES samningsins með það að markmiði að sækja um undanþágu fyrir Ísland vegna lítillar notkunar á sýklalyfjum í landbúnaði og alþjóðlegra skuldbindinga hvað varðar verndun íslenskra búfjárkynja. Lág sjúkdómastaða og hreinar landbúnaðarvörur eru mikils virði. Sýklalyfjaónæmar bakteríur eru raunveruleg ógn og krefur sveitarstjórn stjórnvöld um að eftirlit með innfluttu kjöti og eggjum verði þannig háttáð að ekki verði hægt að leysa vörur úr tolli fyrr en staðfest hefur verið með sýnatöku að ekki séu sýklalyfjaónæmar bakteríur til staðar í viðkomandi vörum. Einnig að þær landbúnaðarvörur sem hingað eru fluttar inn lúti sömu reglum, t.d. varðandi aðbúnað dýra, og gerð er krafa um við íslenska bændur.

Grunnstoðir sveitarfélagsins Hrunamannahrepps er landbúnaður en með frumvarpi þessu er verið að vega að þeim grunnstoðum.

23. Landgræðslufélag Hrunamanna: Skipun fulltrúa Hrunamannahrepps í stjórn.

Oddviti lagði til að Styrmir Þorsteinsson verði skipaður sem fulltrúi Hrunamannahrepps í Landgræðslufélag Hrunamanna og Kolbrún Haraldsdóttir til vara.

24. Sóknaráætlun Suðurlands: Tilnefning fulltrúa á samráðsvettvang Sóknaráætlunar Suðurlands 2020 til 2024.

Oddviti kynnti beiðni frá SASS um tilnefningu fjöggra fulltrúa á samráðsvettvang Sóknaráætlunar Suðurlands 2020-2024 sem haldinn verður þann 4. apríl n.k. Sveitarstjórn tilnefnir þau Halldóru Hjörleifsdóttur, Jón Bjarnason, Sigurjón Snæ Jónsson og Huldu Hrönn Stefánsdóttur.

25. Íbúðarlánasjóður: Húsnæðisáætlanir sveitarfélaga.

Oddviti kynnti erindi frá Íbúðarlánasjóði varðandi húsnæðisáætlanir sveitarfélaga. Sveitarstjórn telur ekki efni til að endurskoða húsnæðisáætlun Hrunamannahrepps sem samþykkt var desember 2017.

26. Héraðsnefnd Árnesinga: Kaup á fasteigninni Búðarstíg 22, Eyrarbakka.

Oddviti kynnti beiðni frá Héraðsnefnd Árnesinga um kaup á fasteigninni Búðarstíg 22, Eyrarbakka fyrir Byggðasafn Árnesinga jafnframt því að farið verði í endurbætur á fasteigninni. Sveitarstjórn samþykkir kaupin fyrir sitt leyti og að þau verði fjármögnuð með lántöku frá Lánasjóði Sveitarfélaga.

Hrunamannahreppur samþykkir hér með að veita einfalda ábyrgð á sínum hluta vegna lántöku stofnunar Héraðsnefndar Árnesinga, Byggðasafni Árnesinga hjá Lánasjóði sveitarfélaga að upphæð 100.000.000 kr. til allt að 15 ára.

Er ábyrgð þessi veitt sbr. heimild í 2. mgr. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, og er hún óskipt (in solidum) gagnvart kröfuhafa, en innbyrðis skiptist hún í hlutfalli við eignarhluti í Byggðasafni Árnesinga.

Hrunamannahreppur veitir lánasjóðnum veð í tekjum sínum til tryggingar þeirri ábyrgð, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. sömu laga. Ábyrgðin tekur til allra greiðslna sem og hvers kyns kostnaðar sem hlýst af vanskilum. Er lánið tekið til að ganga frá kaupum á húsnæði Byggðasafnsins á Eyrarbakka og endurbótum þess sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006. Sveitarstjórn Hrunamannahrepps skuldbindur hér með sveitarfélagið sem eiganda Byggðasafns Árnesinga til að breyta ekki ákvæði samþykktar stofnunar sem leggur hömlur á eignarhald að félaginu að því leyti að félagið megi ekki fara að neinu leyti til einkaaðila.

Fari svo að Hrunamannahreppur selji eignarhlut í Byggðasafni Árnesinga til annarra opinberra aðila, skuldbindur Hrunamannahreppur sig til að sjá til þess að jafnframt yfirtaki nýr eigandi á sig ábyrgð á láninu að sínum hluta. Jafnframt er Jón G. Valgeirssyni, sveitarstjóra, kt. 060568-4809, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess að staðfesta f.h. Hrunamannahrepps veitingu ofangreindrar ábyrgðar með áritun á lánsamninginn.

27. **Markaðsstofa Suðurlands: Kynningarfundur á áfangastaðaráætlun.**
Oddviti kynnti beiðni frá Markaðsstofunni um kynningu fyrir sveitarstjórn og fagnefndir á áfangastaðaráætlun fyrir Suðurland. Ákveðið hefur verið að kynningarfundurinn verði þriðjudaginn 26. mars kl. 17:15.
28. **Jaðar 1: Fyrirspurn vegna skógræktar á Jaðri.**
Oddviti kynnti fyrirspurn frá eigendum jarðarinnar Jaðars 1 þar sem óska álits skipulagsyfirvalda vegna áforma um skógrækt á jörðinni. Sveitarstjórn vísar málinu til skipulagsnefndar.
29. **Úrgangsmál. Opnunartími gámasvæðis og greiningarvinna.**
Oddviti kynnti málið og sveitarstjóri gerði grein fyrir þeim málefnum sem hafa verið skoðuð varðandi úrgangsmál í Hrunamannahreppi og á starfssvæði Sorpstöðvar Suðurlands. Sveitarstjórn samþykkir að stytta opnunartíma gámasvæðisins á Flúðum gagnvart akandi umferð frá og með 1. apríl n.k. þannig að opið verði frá 13:00-18:00 alla daga. Jafnframt verði skoðað að viðvera verktaka á svæðinu verði sem mest á þessum opnunartíma. Þá verði skoðað í samráði við landeigendur í Birtingarholti að komið verði upp grenndarstöð fyrir flokkaðan úrgang (þriggja tunnu flokkun) sem komi í stað opinna gáma í Langholtsfjalli og við Stóru-Laxárbrú. Þá verði sveitarstjóra jafnframt falið að skoða með ráðningu tímabundins verkefnastjóra til að greina flokkunarmál í Hrunamannahreppi og aðstoða eftir atvikum fyrirtæki og frístundabyggðir til að fara yfir og bæta sína flokkunarmöguleika.
30. **Ungmennaráð Hrunamannahrepps: Samráðsfundur.**
Á fundinn mættu fulltrúar Ungmennaráðs Hrunamannahrepps, þau Nói Mar Jónsson, Mathias Bragi Ölvisson Anna Marý Karlsdóttir, Birgir Janusz Kuc, Una Bóel Jónsdóttir og Maja Roldsgard forstöðumaður Zero, en skv. samþykktum Ungmennaráðsins er gert ráð fyrir árlegum samráðsfundi með sveitarstjórn. Sveitarstjórn þakkar Ungmennráðinu fyrir góðan fund og gott innlegg inn í málefni sveitarfélagsins.
31. **Næsti fundur sveitarstjórnar**
Sveitarstjórn samþykkir að næsti fundur sveitarstjórnar verði fimmtudaginn 4. apríl nk. kl. 7:30 í ráðhúsi Hrunamannahrepps á Flúðum.

Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:

32. **Öldungaráð: Fundargerð 8. fundar frá 28. janúar s.l.**
Oddviti kynnti fundargerð 8. fundar öldungaráðs. Öldungarráð mælti með Halldóri Guðnasyni sem aðalmanni í stýrihóp í verkefið „heilsueflandi samfélag“ og Önnu Ipsen til vara. Lögð fram til kynningar.
33. **Öldungaráð: Fundargerð 9. fundar frá 18. febrúar s.l.**
Oddviti kynnti fundargerð 9. fundar öldungaráðs. Rætt var um fasteignagjöld, umsókn í framkvæmdasjóð aldraðra og að koma á sameiginlegum fundi öldungaráðs og stjórn Félags eldri borgara. Lögð fram til kynningar.

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnessýslu:

34. **Fundargerð 169. fundar Skipulagsnefndar frá 16. janúar s.l.**
Oddviti kynnti fundargerð 169. fundar skipulagsnefndar frá 16. janúar s.l. Afgreiðslur einstakra mála sem varðar Hrunamannahrepp eru eftirfarandi:
Mál nr.29: Tungufell: Bygging vélageymslu.
Lögð var fram fyrirspurn frá Félagsbúinu að Tungufelli í Hrunamannahrepp um hvort heimilt verði að byggja vélageymslu í landi Tungufells á þeim stað sem tilgreindur er á meðfylgjandi yfirlitsmynd. Ekki liggur fyrir deiliskipulag á svæðinu. Skipulagsnefnd synjaði fyrirhuguðum framkvæmdum, þar sem þær samræmdust ekki gildandi aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032. Á fundi sveitarstjórnar þann 7. febrúar s.l. óskaði sveitarstjórn eftir því að umsækjandi skili inn frekari rökstuðningi og útfærslu á fyrirhugaðri framkvæmd.

Nú liggur fyrir athugasemdir og greinargerð umsækjanda gagnvart framkvæmdinni ásamt afstöðumynd og fyrirmynd að aðaluppdrætti vegna hússins.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við að á grundvelli fyrirbyggjandi gagna að byggingarfulltrúi gefi út byggingarleyfi fyrir vélageymslunni en gætt verði að umrædd bygging falli vel að umhverfi og landslagi varðandi litaval og frágang á húsinu.

35. Fundargerð 171. fundar Skipulagsnefndar frá 13. febrúar s.l. og afgreiðsla byggingarfulltrúa frá 6. febrúar s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 171. fundar skipulagsnefndar frá 13. febrúar og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 6. febrúar s.l. Afgreiðslur einstakra mála sem varðar Hrunamannahrepp eru eftirfarandi:

Mál nr. 19: Flatholt 1 og 2: Deiliskipulagsbreyting.

Lögð var fram tillaga að breytingu á gildandi deiliskipulagi við Flatholt, Gámastöð á Flúðum, Hrunamannahreppi. Til stendur að byggja sérstakt hús til seyruvinnslu á byggingarreit B og er það meginástæða breytingar á gildandi skipulagi. Breytingin felst í stækkun Flatholts 2 lóð til vesturs um 3m og stækkun á byggingarreit B á Flatholti 2 og færslu á byggingarreit A til samræmis. Kvöð verður gerð um sameiginlegt snúningsplan á lóð 1 og 2.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu skipulagsnefndar sem telur að um óverulega breytingu er að ræða og samþykkir breytinguna á gildandi deiliskipulagi skv. 2. mgr. 43.gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og felur skipulagsfulltrúa að auglýsa breytinguna í B-deild stjórnartíðinda og senda jafnframt deiliskipulagsbreytinguna Skipulagsstofnun til varðveislu.

Mál nr. 23: Afgreiðslur byggingarfulltrúa.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 6. febrúar s.l.

36. Fundargerð 172. fundar Skipulagsnefndar frá 27. febrúar s.l. og afgreiðsla byggingarfulltrúa frá 20. febrúar s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 172. fundar skipulagsnefndar frá 27. febrúar og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 20. febrúar s.l. Afgreiðslur einstakra mála sem varðar Hrunamannahrepp eru eftirfarandi:

Mál nr. 13: Afgreiðslur byggingarfulltrúa.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 20. febrúar s.l.

37. UTU bs: Fundargerð stjórnar frá 27. febrúar s.l.

Oddviti kynnti fundargerð stjórnar UTU bs frá 27. febrúar s.l. Þar var lögð fram hugmynd af uppgjöri milli sveitarfélaga fyrir árið 2018 og rædd starfsmannamál. La

38. Oddvitanefnd UTU: Fundargerð frá 30. janúar s.l.

Oddviti kynnti fundargerð oddvitanefndar UTU frá 30. janúar s.l. vegna seyruverkefnisins. Farið var yfir uppgjör seyruverkefninu fyrir árið 2018, tillögu að gjaldskrá 2019, fyrirhugaðar framkvæmdir á Seyrustöðum, fyrirkomulag á hreinsun seyru og fleira. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina.

39. Oddvitanefnd UTU: Fundargerð frá 27. febrúar s.l.

Oddviti kynnti fundargerð oddvitanefndar UTU frá 27. febrúar s.l. vegna seyruverkefnisins. Farið var yfir niðurstöðu tilboða í aðstöðuhús á Seyrustöðum, gjaldskrá Seyrustaða 2019, samninga um hreinsun rotþróa á erfiðari svæðum, beiðnir fyrirtækja um losun og fyrirkomulag kostnaðarskiptingar.

Fjögur tilboð bárust í aðstöðuhúsið. Frá Landstólpa kr. 60.904.739, Byko kr. 46.197.010, Jötunn Byggingum kr. 75.274.961 og Hús og stigum kr. 69.200.000. Í tilboði Byko var ekki gert ráð fyrir uppsetningu hússin og var fallið frá því. Sveitarstjórn samþykkir því að ganga að tilboði Landstólpa um aðstöðuhúsið. Jafnframt verði leitað hagkvæmstu leiða, samning eða útboð, við gerð grunns undir húsið og byggingarstjórn.

Þá samþykkir sveitarstjórn gjaldskrá fyrir árið 2019 og fundargerðina að öðru leyti.

40. Skólaþjónustu- og velferðarnefnd Árnesþings: Fundargerð 30. fundar frá 12. desember s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 30. fundar skólaþjónustu- og velferðarnefndar Árnesþings. Þar var lögð fram til kynningar fjárhagsáætlun 2019, kynntar nýjar reglugerðir sem lúta að þjónustu við fatlað fólk og kynnt starfsáætlun Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings. Lagt fram til kynningar.

41. Skólaþjónustu- og velferðarnefnd Árneshvíls: Fundargerð 31. fundar frá 27. febrúar s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 31. fundar skólaþjónustu- og velferðarnefndar Árneshvíls. Þar voru lagðar fram upplýsingar um félagslega heimaþjónustu 2018 hjá sveitarfélögum, rætt um árveknisegul varðandi skjánotkun auk trúnaðarmáls. Lagt fram til kynningar.

Önnur mál.

42. SASS: Beiðni samgöngunefndar SASS um forgangsröðun verkefna í samgöngumálum 2019-2028.

Oddviti kynnti beiðni samgöngunefndar SASS um forgangsröðun verkefna í samgöngumálum 2019-2028.

Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að gera tillögu að forgangsröðun og senda á sveitarstjórn til samþykktar.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

a. Heilbrigðisnefnd Suðurlands: Fundargerð 194. fundar stjórnar frá 27. febrúar s.l.

Lagt fram til kynningar.

b. SASS: Fundargerð 543. fundar stjórnar frá 1. febrúar s.l.

Lagt fram til kynningar.

c. Héraðsnefnd Árneshvíls: Fundargerð frá 11. febrúar s.l.

Lagt fram til kynningar.

d. Sorpstöð Suðurlands: Fundargerð 277. fundar stjórnar frá 18. febrúar s.l.

Lagt fram til kynningar.

e. Byggðarsafn Árneshvíls: Fundargerð stjórnar frá 22. febrúar s.l.

Lagt fram til kynningar.

f. Tónlistarskóli Árneshvíls. Fundargerð 191. fundar stjórnar frá 11. febrúar s.l.

Lagt fram til kynningar.

g. Almennavarnarnefnd Árneshvíls: Fundargerð 2. fundar frá 21. febrúar s.l.

Lagt fram til kynningar.

Kynningarmál:

h. Kerlingarfjallavinir: Fréttabréf.

Lagt fram til kynningar.

i. Landgræðslan: Afgreiðsla umsóknar til Landbótasjóðs.

Lagt fram til kynningar.

j. Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 868. fundar stjórnar frá 22. febrúar s.l.

Lagt fram til kynningar.

k. Ferðamálafulltrúi Uppsveita: Uppgjör 2018.

Lagt fram til kynningar.

l. ÖBÍ: Fyrirspurn um notendaráð fatlaðs fólks.

Lagt fram til kynningar.

m. Skóla- og velferðarþjónusta Árneshvíls: Uppgjör 2018.

Lagt fram til kynningar.

n. Minnisþing frá fundi sveitarstjórna með nefnd um stofnun þjóðgarðs á miðhálandi Íslands frá 22. janúar s.l.

Lagt fram til kynningar.

o. Hótel Flúðir ehf: Ársreikningar 2016 og 2017.

Lagt fram til kynningar.

p. Veidifélag Árneshvíls: Upplýsingar vegna stjórnarfundar 19. febrúar s.l.

Lagt fram til kynningar.

q. Lánasjóður Sveitarfélaga: Auglýsing eftir framboðum í stjórn Lánasjóðsins.

Lagt fram til kynningar.

r. Landgræðslufélag Hrunamanna: Ársreikningur 2018.

Lagt fram til kynningar.

- s. Félags- og barnamálaráðherra: Kynning á vinnu Félagsmálaráðuneytisins við stefnumótun í málefnum barna.**
Lagt fram til kynningar.

Fundir framundan:

- t. Aðalfundur Kerlingarfjallavina 18. mars n.k.**
Lagt fram til kynningar.
- u. Skipulagsstofnun vegna endurskoðunar á landskipulagsstefnu 20. mars n.k.**
Lagt fram til kynningar.
- v. Samband íslenskra sveitarfélaga: Landsþing 29. mars n.k.**
Lagt fram til kynningar.
- w. Aðalfundur Veiðfélags Árnesinga 28. mars n.k.**
Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 18:50.